

Fundargerð stjórnar SOS nr. 287

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi.

Dagsetning og tími: 13. nóvember 2019 kl. 16:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK), Helgi S. Haraldsson (HSH) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mættu á fundinn Stefán Gíslason (SG), frá Environice, Arngrímur Sverrisson frá Terra og Jón Franzson tók þátt í gegnum síma.

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Formaður bauð nýja stjórn velkomna til starfa. AKH verður varaformaður og GHH áfram í hlutverk ritara.

2. Þjónustusamningur við SASS

Formanni falið að vinna að endurnýjun þjónustusamnings SOS við SASS.

3. Kirkjuferjuháleiga. -eftirlitskýrsla Umhverfisstofnunar-

Eftirlitskýrsla Umhverfisstofnunar frá 27. október lögð fram til kynningar.

4. Samráðsnefnd sorpsamlaganna á suðvesturlandi.

Fundargerð frá 28. október lögð fram til kynningar. Formaður og varaformaður munu mæta á næsta fund samráðsnefndarinnar þann 25. nóvember n.k.

5. Norðurá og Sorpuðun Vesturlands

Lagt fram svar við beiðni um framlengingu á móttökusamningi á úrgangi vegna ársins 2020. Áður umsamið magn verður ekki aukið en hægt að framlengja móttöku þess fram á næsta ár.

6. Íslenska Gámafélagið - samræður vegna útflutningsmála o.fl-

Jón Franzson tók þátt í fundinum undir þessum lið í gegnum síma. Rætt var um möguleika Íslenska gámafélagsins til að taka á móti úrgangi til útflutnings og orkuendurvinnslu. ÍGF hefur hafið útflutning og er með samninga um móttöku úrgangs í nægjanlegu magni.

7. Terra - samræður vegna útflutningsmála o.fl-

Fulltrúi Terra, Arngrímur Sverrisson, mætti til fundarins undir þessum lið. Terra hefur unnið tæknilegan undirbúning til þess að geta flutt út úrgang en hefur enn ekki fasta samninga.

8. VEAT yfirlýsing.

Athugasemd hefur borist við að SOS geri rammasamning um útflutning á úrgangi til orkuendurvinnslu og því er sú leið ekki fær. Stjórn samþykkir að boða til fundar þann 26. nóvember n.k. með fulltrúum aðildarsveitarfélaga SOS til að fara yfir stöðuna.

9. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stjórn og Stefán eru sammála um að halda áfram því góða samstarfi sem verið hefur síðastliðið ár og að hann verði ráðgjafi SOS vegna málaflokksins.

Stefán gerði grein fyrir stöðu mála varðandi móttöku á úrgangi. Heildarmagn úrgangs sem farið hefur í Fíflholt og Stekkjarvík hefur nú vaxið svo mjög að tvísýnt er um að þar verði hægt að taka við úrgangi frá Suðurlandi til áramóta.

Stefáni er falið að hafa samband við sorpsamlögin á Vestur- og Norðurlandi um möguleika á sameiginlegum innkaupum á hræbrennsluofni með SOS og Sorpstöð Rangeyinga

Stefáni er falið að skipuleggja og samræma flutninga á sorpi frá Suðurlandi til Fíflholts og Stekkjarvíkur þannig að sem best verði tryggð móttaka á dýrahæjum og öðru því sem ekki er tækt til útflutnings. Vinna þarf málið í samstarfi við hirðufyrirtækin og móttökustaðina og einnig að huga að lausnum varðandi fyrirkomulag á útflutngni á úrgangi

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn þann 26. nóvember n.k. samhliða upplýsingarfundi með aðildarsveitarfélögunum.

Fundi slitið klukkan 17:50